

Greiningarsvið Menntamálastofnunar hefur í samstarfi við Rannsóknir & greiningu unnið stutta samantekt sem byggir á gögnum rannsóknarinnar *Ungt fólk 2016 - framhaldsskólar* og varðar nám nemenda og námsval. Markmiðið er að vekja athygli á vali nemenda á námi og viðhorfi þeirra til mismunandi náms.

Upplýsingar um samsetningu nemendahópsins og svarhlutfall er að finna í töflu 1. Árið 2016 fengust gild svör frá 10.717 nemendum sem gerir um 71% svarhlutfall. *Ungt fólk* er lögð fyrir nemendur í 31 framhaldsskóla landsins. Munur á gildum svörum og þátttöku eftir kyni og aldri tengist uppgefnum bakgrunnsupplýsingum um aldur og kyn.

Tafla 1. Þátttakendur í *Ungt fólk 2016* - eftir aldri og kyni

	Strákur	Stelpa	Heild
Aldur þátttakenda	Fjöldi og prósentur	Fjöldi og prósentur	Fjöldi og prósentur
20 ára og eldri	372 (7,5%)	229 (4,5%)	601 (6%)
19 ára	740 (14,9%)	733 (14,5%)	1473 (14,7%)
18 ára	1009 (20,3%)	1121 (22,2%)	2130 (21,3%)
17 ára	1250 (25,2%)	1328 (26,3%)	2578 (25,7%)
16 ára og yngri	1590 (32%)	1640 (32,5%)	3230 (32,3%)
Samtals	4961	5051	10.012

Nám sem lýsir best þeirri námsbraut sem nemendur eru á

Í *Ungt fólk 2016* eru nemendur spurðir um hvernig nám þeir telji lýsa best þeirri námsbraut sem þeir eru á. Í töflu 2 má sjá svör við þeirri spurningu fyrir árin 2013 og 2016.


Tafla 2. Hvað lýsir best þeirri námsbraut sem þú ert á? Hlutfall (%) nemenda á hverri námsbraut eftir kyni árin 2013 og 2016.

	2013			2016		
	Strákur (%)	Stelpa (%)	Heild (%)	Strákur (%)	Stelpa (%)	Heild (%)
Listnám	4	6	5	5	8	6
Bóknám til stúdentsprófs	68	82	75	62	78	70
Verknám til starfsréttinda/starfs	12	4	8	14	4	9
Verknám til stúdentsprófs	8	4	6	10	5	8
Nám á framhaldsskólabraut	4	2	3	5	2	3
Annað	4	3	4	5	3	4

Flestir nemendur telja að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best eða um 70% nemenda í heild árið 2016. Miklu lægra hlutfall nemenda telur verknám til starfsréttinda (9%), verknám til stúdentsprófs (8%), listnám (6%) og nám á framhaldsskólabraut (3%) lýsa námsbraut sinni best.

Viðhorf til mismunandi náms

Í könnuninni eru nemendur spurðir hversu vel ákveðnar fullyrðingar eigi við um þá. Þetta eru fullyrðingar sem tengjast áhuga nemenda á að taka fleiri verklega áfanga og fleiri listgreinaáfanga. Einnig eru nemendur spurðir um viðhorf til þess hvort nám í verklegum greinum henti þeim betur en bóknám og hvort þeir myndu vilja meira frjálst val. Á mynd 1 er að finna niðurstöður úr svörum við framangreindum fullyrðingum fyrir árin 2013 og 2016.



Mynd 1. Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig? Hlutfall (%) nemenda sem segir að fullyrðingarnar eigi mjög eða fremur vel við um sig, árin 2013 og 2016.

Meirihluti nemenda myndi vilja að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut eða um 77% árið 2013 og 75% árið 2016. Um 66% nemenda hafa árið 2016 áhuga á að taka fleiri verklega áfanga og 39% nemenda hafa áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga. Athygli vekur að árið 2016 telur rétt um helmingur (49%) nemenda að nám í verklegum greinum henti þeim betur en bóknám. Þessar niðurstöður eru áhugaverðar í ljósi þess að meirihluti nemenda telur að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best.

Viðhorf til mismunandi náms eftir því í hvaða námi nemendur eru

Viðhorf nemenda til mismunandi náms voru greind eftir því hverskonar nám nemendur töldu lýsa námsbraut sinni best. Niðurstöður greiningarinnar má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Viðhorf nemenda til mismunandi náms greind eftir námi sem þeir eru í. Hversu vel telja nemendur að tiltekna fullyrðingar lýsi áhuga þeirra.

Ég hef áhuga á að taka fleiri verklega áfanga					
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut
Mjög eða fremur vel	78%	60%	87%	82%	69%
Fremur eða mjög illa	22%	40%	13%	18%	31%

Ég hef áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga					
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut
Mjög eða fremur vel	90%	38%	29%	33%	42%
Fremur eða mjög illa	10%	62%	71%	67%	58%

Ég tel að nám í verklegum greinum henti mér betur en bóknám					
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut
Mjög eða fremur vel	81%	35%	88%	78%	70%
Fremur eða mjög illa	19%	65%	12%	22%	30%

Ég vildi að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut					
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut
Mjög eða fremur vel	86%	74%	74%	74%	80%
Fremur eða mjög illa	14%	26%	26%	26%	20%

Hátt hlutfall nemenda, óháð námsbraut sem þeir eru á, hefur áhuga á að taka fleiri verklega áfanga. Athygli vekur að 60% nemenda sem segjast vera í bóknámi til stúdentsprófs og 69% þeirra sem eru í námi á framhaldsskólabraut telja að fullyrðingin *ég hef áhuga á að taka fleiri verklega áfanga* eigi mjög eða fremur vel við sig.

Þá telur einnig töluverður hópur nemenda í öðru námi en listnámi að fullyrðingin *ég hef áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga* eigi mjög eða fremur vel við sig. Um 38% nemenda í bóknámi til stúdentsprófs telur svo vera. Um 29% nemenda í verknámi til starfsréttinda, 33% í verknámi til stúdentsprófs og 42% nemenda í námi á framhaldsskólabraut eru sama sinnis.

Þá vekur einnig athygli að um 35% nemenda í bóknámi til stúdentsprófs telja að fullyrðingin *ég tel að nám í verklegum greinum henti mér betur en bóknám* eigi mjög eða fremur vel við

sig. Þetta vekur athygli þar sem meirihluti nemenda (70%) í könnuninni telur að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best. Meirihluti nemenda (70%) í námi á framhaldsskólabraut er sama sinnis en lágt hlutfall eða um 3% nemenda segist vera skráður í það nám.

Hátt hlutfall nemenda, óháð því á hvaða námsbraut þeir eru, telur að fullyrðingin *ég vildi að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut* eigi mjög eða fremur vel við sig eða á bilinu 74% til 86% eftir því hvaða nám á í hlut.

Um skýrsluna *Ungt fólk 2016 - framhaldsskólar*

Skýrslan [*Ungt fólk 2016, framhaldsskólar*](#) byggir á gögnum *Ungt fólk* rannsóknarinnar sem safnað var saman meðal íslenskra framhaldsskólanema haustið 2016. Rannsóknin er lögð fyrir á vegum Rannsókna & greiningar. Í skýrslunni koma fram mikilvægar upplýsingar um ýmsa þætti í lífi ungmenna í framhaldsskólum. Má þar nefna þætti er varða nám, skóla og námsörðugleika, líðan, félagsstarf og tómsundaiðkun, íþróttir og hreyfingu, vímuefnanotkun og tengsl við foreldra og jafningja. Þátttakendur í könnuninni eru þeir dagskólanemendur í framhaldsskóla sem eru í kennslustund á þeim tíma sem könnunin er lögð fyrir. Í skýrslunni eru bornar saman niðurstöður rannsókna með reglulegu millibili frá árinu 1992 til 2016. Skýrslan er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar hennar eru Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. Skýrsluna í heild sinni má nálgast hér *Ungt fólk 2016*.

Heimild

Hrefna Pálsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Ingibjörg Eva Þórisdóttir (2017). *Ungt fólk 2016 framhaldsskólar. Menntun, menning, tómsundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun, heilsuvísar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi.*